



Stjórnarfundur SKÍ

Miðvikudagur 17. desember 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
- Fundarstjóri:** Sigurður Hauksson (framkvæmdastjóri).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Þátttakendur:** Gísli Reynisson formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettanevndar, Veronika Lagun formaður skíðaskotfiminevndar, Ólafur H. Björnsson formaður skíðagöngunevndar, Fjalar Úlfarsson varaformaður, Ásgerður Þorleifsdóttir gjaldkeri, Brynja Þorsteinsdóttir afrekssgjafi og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
- Fjarverandi:** N/A.

Fundur settur kl. 15.33.

Fundardagskrá:

1. Fréttir af öllum nefndum.
2. Setja línur varðandi fréttaskrif SKÍ (umræður)
 - a. Á palli / Punktabæting / Öll mót / Samfélagsmiðlar
3. Kosning um íþróttafólk SKÍ – KK og KVK
 - a. Hver nefnd sendir inn rökstudda tilnefningu fyrir 18:00 þriðjudaginn 9. desember á framkvæmdastjóra.
4. Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ (til kynningar)
5. ENO skýrsla fyrir árið (til kynningar)
 - a. Kynna nýtt reikningskerfi og samþykktarferli.
6. Mótakerfi SGN
7. Eftirlitsmenn á Bikarmótum/námskeið
8. Unirbúningur FIS Móta
9. Umræða um Rússland og Belarússa á ÓL
10. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fréttir af öllum nefndum, formenn fara yfir
Alpagreinanevnd
 - Landslið Íslands í alpagreinum hefur fengið húsið sem þau tóku á leigu í Pitztal afhent og verður notað sem bækistöð liðsins. Strákarnir búnir að koma sér fyrir en héldu síðan beint til Ítalíu að taka þátt í mótum þar.

- Leiga á húsinu í Pitztal gengur vel og er talið að með þessari lausn sparist 8–9.000 evrur í gistikostnað á haustmánuðum 2026. Mikill ávinningur felst í því að hafa fasta bækistöð í stað þess að ferðast stöðugt milli gististaða.
- Hólmfríður Dóra hefur slasað sig og við óskum henni öll góðs bata. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvernig bataferlið verður né hvaða áhrif meiðslin kunna að hafa á þátttöku hennar í Ólympíuleikum. Ekki er hægt að veita frekari upplýsingar að svo stöddu.
- Gengið hefur verið frá samningi við Georg um umsjón með Icegirls-verkefninu. Hann hefur sent kynningarbréf til stúlkna á aldrinum 16–22 ára og hafa viðbrögð verið jákvæð.
- Arnór Arnórsson og Andri Kári munu æfa með landsliðinu í 9 daga, dagana 3.–12. janúar, og dvelja í bækistöðinni í Pitztal. Þeir eru með hæstu punktastöðu þeirra keppenda sem eru rétt fyrir utan landsliðið. Samkvæmt stefnu sem var mótuð við stofnun liðsins árið 2024 er lögð áhersla á að veita keppendum sem eru að „banka á dyrnar“ tækifæri til þátttöku í verkefnum með landsliðinu.
- Staða Hólmfríðar og hvort það þurfi að hafa samband við næstu konu á lista verður endurmetið þegar frekari upplýsingar liggja fyrir, margt getur breyst á stuttum tíma.

Skíðagöngunefnd - Mótahelgar og verkefni

- Landsliðið keppti saman í Finnlandi og Svíþjóð, fyrstu mótahelgar tímabilsins og náði þar góðum árangri.
- Dagur hefur sýnt verulegar framfarir og bætt sig mikið.
- Einar Árni náði góðum göngum og bætti sig einnig töluvert.
- Dagana 28.–30. nóvember fór fram mótahelgi í Gålå (Noregi) þar sem fjöldi íslenskra keppenda tók þátt. Landsliðið keppti þar, að undanskildum Degi, auk þess sem sex aðrir íslenskir keppendur voru á staðnum.
- Sömu helgi keppti Dagur í Svíþjóð og náði þar sínum bestu FIS-punktum til þessa.
- Landsliðið tók þátt í Scandinavian Cup, þar sem bæði Dagur og Einar bættu sig enn frekar í FIS-punktum það sem af er vetri.
- Haldin hafa verið tvö FIS-camp á tímabilinu.
- Dagana 5.–7. desember fór fram fyrsta bikarmót vetrarins í Hlíðarfjalli, með um 50 þátttakendum. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá mikla þátttöku í yngstu aldursflokkum.
- Nauðsynlegt er að fjölga eftirlitsmönnum (TD) innanlands. Unnið er í samstarfi við Norska skíðasambandið að því að fá sérfræðing til landsins til að hefja þjálfun og námskeiðahald á því sviði.
- Krístrún hefur ekki náð þeim árangri sem hún hafði vonast til á þessu stigi tímabilsins og hefur því verið ákveðið að bregða út af upprunalegu æfingaplani hennar.

Snjóbrettanefnd

- Arnór Dagur og Anna Kamilla tóku þátt í heimsbikarmótum í Kína. Anna Kamilla stóð sig vel á fyrri mótinu, þar sem hún hafnaði í 17. sæti. Einungis átta keppendur komust í úrslit. Hefði hún lent betur í sínu fyrsta stökki hefði hún átt raunhæfan möguleika á sæti í úrslitum. Á seinna mótinu gekk keppni Önnu síður, meðal annars vegna erfiðra aðstæðna. Arnóri gekk ekki nægilega vel á hvorugu mótinu í Kína.
- Næsta heimsbikarmót hjá Önnu verður í Aspen, strax eftir áramót.
- Allur landsliðshópurinn er nú staddur í Flachau á æfingabúðu.
- Keppnistímabilið hefst aftur að loknum áramótum.

- Staða keppenda:
 - Anna Kamilla er stödd heima á Íslandi.
 - Arnór Dagur er áfram í æfingabúðum.
 - Vildís er veik og dvelur í Åre.

Skíðaskotfiminefnd

- Ekki hefur verið stofnað formlegt landslið í skíðaskotfimi, né er keppnisstarf í gangi á vegum sambandsins að svo stöddu.
- Bréf vegna þjálfaranámskeiða á vegum IBU hefur verið sent til skíðafélaga. Tilgangurinn er að kanna áhuga á þátttöku og hvaða aðilar gætu sótt námskeiðin. Engin umsókn hefur borist hingað til. Ákveðið verður að fara yfir hvort svör hafi borist frá félögum og hvernig megi efla áhuga á verkefninu.
- Ingólfur Hannesson hefur lýst yfir vilja til að aðstoða við að koma skíðaskotfimi af stað hér á landi.
 - Unnið verður að því að sækja um fulla aðild Íslands að skíðaskotfimi hjá IBU.
 - Nauðsynlegt er að gera leiðréttingar og uppfærslur á heimasíðu Skíðasambands Íslands, meðal annars vegna eldri fréttar og í samræmi við ábendingar og tillögur frá Skíðaðingi.
 - Hugmynd er uppi um að halda kynningarmót í skíðaskotfimi, mögulega á Andrés.

2. Setja línur varðandi fréttaskrif SKÍ (umræður)

Á palli / Punktabæting / Öll mót / Samfélagsmiðlar

- Rætt var um góðan árangur skrifstofu SKÍ að undanfögnu að miðla reglulega upplýsingum um stöðu mála og árangur keppenda á vegum Skíðasambands Íslands.
- Samkomulag náðist um að fréttir verði settar út þegar keppendur standa á palli eða ná marktækri punktabætingu. Að öðrum kosti verði almennt ekki skrifað um hvert einstakt mót, enda skrifstofa SKÍ fámenn. Áréttað var að þegar keppandi er innan topp 10 og jafnframt nær verulegri punktabætingu, verði áhersla lögð á punktastöðu fremur en sæti, þar sem keppandi getur bætt sig umtalsvert án þess að lenda í fremstu sætum. Einnig þarf að meta fréttáflutning út frá árangri hverju sinni, í samráði við viðkomandi nefndarformenn.
- Umræða um live-uppfærslur á heimasíðu SKÍ, þar sem birtar væru upplýsingar um sæti og punktastöðu landsliðskeppenda meðan á mótum stendur.
- Stjórnarmeðlimir hvattir til þess að styðja við sýnileika keppenda á samfélagsmiðlum, meðal annars með því að „like-a“, deila og skrifa athugasemdir við færslur keppenda.
- Samhljómur var um að ekki verði settur of þröngur rammi utan um fréttaskrif, heldur verði upplýsingagjöf sveigjanleg, regluleg og í samræmi við stöðu mála, í góðu samstarfi við nefndarformenn.
- Umræða um notkun samfélagsmiðla SKÍ. Sýnileiki er góður en mögulega þarf að stilla af hvað fer inn og hvenær svo mikilvæg skilaboð eða upplýsingar tynist ekki. T.d. forgangsraða upplýsingum þegar að landsliðsfólk er að keppa á stórum mótum. Hins vegar allir sammála um að virknin á miðlum SKÍ sé mun betri núna og að öllu frumkvæði sé fagnað, enda SKÍ ekki með sértakan starfsmann fyrir miðla sambandsins.

3. Kosning um íþróttafólk SKÍ – KK og KVK

- Hver nefnd sendi inn rökstudda tilnefningu fyrir 18:00 þriðjudaginn 9. desember á framkvæmdastjóra.

- Allir stjórnarmeðlimur voru því búnir að fara vel yfir tilnefningarnar fyrir fundinn og niðurstaðan í kosningu á íþróttafólki SKÍ var svohljóðandi:
 - Jón Erik Sigurðsson var kosinn íþróttamaður SKÍ.
 - Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir var valin íþróttakona SKÍ.

4. Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ (til kynningar)

- Fram kom að ekki rétti full sátt við niðurstöðu úthlutunarinnar hjá SKÍ.
 - Úthlutunin til Skíðasambands Íslands nemur 54 milljónum króna, sem er um 5 milljónum króna lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Bent var á að úthlutunin taki jafnframt mið af umfangi sambandsins.
 - Fram kom að einstaklingsstyrkir lækka úr 5 milljónum króna í 2,4 milljónir króna.
- Rætt var um árangurskvarða ÍSÍ. Til að teljast A-samband þarf sérsamband að ná úrslitum (topp 16) á Heimsmeistaramóti, Evrópumeistaramóti eða Ólympíuleikum. Í hópíþróttum miðast við að vera meðal topp 15% þjóða.
- Fram kom að Skíðasamband Íslands hefur færst úr stöðu A-sambands yfir í B-samband, samkvæmt núverandi skilgreiningum árangurskvarða.
- Hins vegar hefur afrekssjóður ÍSÍ ákveðið að fara í endurskoðun á árangurskvörðunum strax í janúar, og munu sérsambönd eiga kost á að taka þátt í þeirri vinnu.

5. ENO skýrsla fyrir árið (til kynningar)

- Nýtt reiknings- og bókhaldskerfi kynnt, ásamt uppfærðu samþykktarferli vegna fjárhagslegra færslna.
- Full vinna er nú í gangi við uppsetningu kerfisins fyrir nýtt rekstrarár, þar á meðal ákvörðun um bókunarferla og flokkun kostnaðar. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki innan tveggja vikna.
- Innleiðingin er talin marka verulega bætingu og byltingu í utan umhaldi, uppgjöri og yfirsýn fjármála hjá sambandinu.
- Með nýju kerfi verður dregið úr handvirkri vinnu og óskýrleika í ferlum, sem mun spara tíma og einfalda bæði bókhald og eftirfylgni.
- Mótaðar verða skýrar verklagsreglur um:
 - hvernig stofnað er til kostnaðar á vegum sambandsins, og
 - hvernig endurgreiðsla kostnaðar fer fram.
- Áréttað var að þeir sem nota kort á vegum sambandsins þurfa að skila öllum fylgiskjöllum, helst beint inn í kerfið, þannig að hægt sé að bóka útgjöld rétt og tímanlega.
- Fyrirframgreidd kort verða áfram í notkun sem hluti af kerfinu.
- Nauðsynlegt er að setja sameiginlega stefnu um lykla, flokkun og verkferla, auk reglna um hvernig gögn eru skráð og færð inn í kerfið.
- Nefndarformenn bera ábyrgð á að samþykkja viðeigandi gögn/kostnað þeirra nefndar.
- Nýja reikningskerfið verður tekið formlega í notkun 1. janúar.

6. Mótakerfi SGN

- Fram kom að umtalsverð vandkvæði hafa verið við kerfið, sem hefur ekki virkað sem skyldi frá upphafi keppnistímabilsins.
- Sá aðili sem annast tímatöku, skráningu og aðra tæknilega framkvæmd móta hefur lagt í verulega mikla vinnu við að leysa úr vandanum og halda mótahaldi gangandi þrátt fyrir kerfisörðugleika.
- Ítrekað hefur þurft að gera upp mót handvirkt, meðal annars með endur útreikningi og handvirkri skráningu gagna, vegna bilana í kerfinu.

- Fram kom að erfitt hefur verið að fá svör sem hefur haft áhrif á framvindu mála og lengt úrlausnartíma.
 - Bent var á að keppendur í fullorðins flokkum eiga að fá FIS-númer sjálfkrafa, en vegna bilana í mótakerfinu hafi það ekki gengið eftir í öllum tilvikum, og sumir keppendur því ekki fengið úthlutað FIS-númeri.
7. **Eftirlitsmenn á Bikarmótum/námskeið** – *umræðu frestað*
 8. **Unirbúningur FIS Móta** – *umræðu frestað*
 9. **Umræða um Rússland og Belarússa á ÓL**
 - Stjórnarmeðlimir samþykkir því að taka þátt í bréfinu.
 - Ísland fylgir Norðurlöndunum í þessu.
 10. **Önnur mál**
 - Framkvæmdastjóri fer yfir kostnað við Skíðaþingið og Zurich.

Fundi slitið kl. 17:00 og næsti fundur er miðvikudaginn 21. Janúar 2026.
Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.